Foreldrafélag Gerðaskóla

Ársskýrsla starfsársins október 2025 – september 2026

Lögð fram á aðalfundi 19. október 2026

Sitjandi stjórn

Anna Lilja Einarsdóttir, *formaður*
Gunnhildur H. Schram Magnúsdóttir, *ritari*
Halldóra Eik Reynisdóttir, *gjaldkeri*

Viðtaka nýrrar stjórnar

Ný stjórn tók við rekstri félagsins í október 2025. Formleg breyting á skráningu hjá Skattinum gekk hins vegar ekki í gegn fyrr en í janúar 2026 og yfirtaka nýs gjaldkera á fjármálum félagsins lauk í febrúar sama ár. Stjórnarskiptin tóku því nokkurn tíma og reyndust flóknari en búist var við en þegar þessum formlegu þáttum var lokið gat stjórnin hafið störf af fullum krafti.

Jólabingó

Þegar ný stjórn tók við kallaði fjárhagur félagsins á aukna tekjuöflun. Því var ákveðið að fyrsti viðburður starfsársins yrði jólabingó sem hafði það tvíþætta markmið að afla tekna fyrir félagið og skapa vettvang fyrir skemmtilega samverustund fyrir fjölskyldur skólans í aðdraganda jóla. Jólabingóið var haldið í sal Gerðaskóla 7. desember og tókst afar vel. Yfir 100 foreldrar og börn sóttu viðburðinn og ríkti þar góð stemning og gleði.

Lógó og Instagram-reikningur

Í febrúar 2026 opnaði félagið Instagram-reikning með það að markmiði að efla samskipti við foreldra og styrkja tengsl innan skólasamfélagsins. Samhliða því var hannað nýtt lógó fyrir félagið sem ætlað er að styðja við sýnileika þess og starfsemi. Reikningurinn hefur fengið góðar undirtektir og eru fylgjendur nú um 60 talsins.

Vinnustofa um farsældarsáttmálann

Þann 4. mars 2026 stóð foreldrafélagið fyrir vinnustofu um farsældarsáttmálann. Fulltrúi frá Heimil og skóla kynnti verkefnið og í kjölfarið var gert ráð fyrir að foreldrar ynnu saman í árgöngum að því að ræða og móta sameiginleg gildi og viðmið sem styðja við velferð, þroska og

uppeldi barna. Markmiðið var að leggja grunn að farsældarsáttmála í öllum árgöngum skólans. Mæting reyndist hins vegar minni en vonast hafði verið til og alls mættu 12 foreldrar, þar af stjórn félagsins. Ekki reyndist því unnt að vinna slíka sáttmála á þessum tímapunkti en ákveðið var að skoða leiðir til að hefja þetta mikilvæga samtal að nýju við upphaf næsta skólaárs.

Fjármál félagsins

Við upphaf starfsársins nam inneign félagsins 146.946 kr. Á árinu voru helstu tekjur félagsins af jólabingói. Engin félagsgjöld voru innheimt þetta árið þar sem stjórnin fékk ekki aðgang að fjármálum félagsins fyrr en í febrúar.

Helstu útgjöld á starfsárinu tengdust:

- kostnaði við jólabingó,
- styrkjum eða framlögum til nemenda og skólastarfs,
- gjöldum vegna bankaþjónustu,
- öðrum rekstrarkostnaði félagsins.

Heildarútgjöld ársins námu 150.377 kr. og var staða félagsins í lok starfsársins 83.069 kr.

Tekjur

Jólabingó	66.500 kr.
Innvextir	3076 kr.
Samtals tekjur	**69.576 kr.**

Gjöld

Jólabingó (vinningar og aðfangakostnaður)	30.400 kr.
Rútustyrkur vegna skíðaferðar	100.000 kr.
Vinnustofa um farsældarsáttmála (aðfangakostnaður)	17.100 kr.
Bankakostnaður (fjármagnstekjuskattur)	677 kr.
Annar rekstrarkostnaður (gjald v. breytingar stjórn hjá Skattinum)	2200 kr.
Samtals útgjöld	**150.377 kr.**

Þrátt fyrir að fjáröflunarverkefni ársins hafi skilað mikilvægu framlagi er áfram mikilvægt að huga að tekjuöflun svo félagið geti stutt við verkefni fyrir nemendur og foreldra á komandi starfsári.